

Utanríkisráðuneytið
Gísli Rúnar Gíslason
Rauðarásstíg 25
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 12.05.2022
Tilvísun: UTN22030164
MFRI: 2022-03-0319

Efni: Rannsóknaleyfi Running Tide

Vísað er til erindis Umhverfissráðuneytisins dags. 24. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um rannsóknaleyfi Running Tide Iceland ehf..

Um er að ræða kolefnisförungarverkefni á stórum skala þar sem langtíma markmiðið er að fanga og farga allt að 50.000 tonnum af kolefni utan við lögsögu Íslands. Til stendur að nota til þess þara sem tekur upp kolefni við ljóstillífun til vaxtar og viðgangs. Rækta á stórbörunga á kúlum/flothylkjum sem unnið er að því að hanna en áætlað er að verði á stærð við körfubolta og búin til úr m.a. viðarmassa, kalki og bindiefnum. Áætlað er að kúlurnar leysist upp með yfir þann tíma sem þarinn vex á þeim sem leiðir til þess að flotvægi verði neikvætt með tíma og á ákveðnum tímamarki sökkvi kúlurnar með þeim þaragróðri og ásætum sem eru áfastar. Markmiðið er að farga kolefni sem bundið er í kúlurnar og þarann með því að tryggja að þær sökkvi þar sem dýpi er amk 1000 m, þ.e. þar sem gert er ráð fyrir að kolefnið grafist í set í djúpsjó að miklu leiti.

Sótt er um að framkvæma tvennskonar rannsóknir.

1. Framkvæma á rannsóknir á nokkrum föstum stöðvum sem eru t.t. nálægt landi, en lagðar eru til hliðjónar fram nokkrar stöðvar í Faxaflóa sem ganga m.a. út á það að rækta mismunandi þarategundir á ákveðnum stöðvum en mest u.þ.b. 50 km út af strönd Íslands.
2. Rannsaka flotbaujur/kúlur sem fljóta út úr landhelgi Íslands. Um er að ræða ræktun á mismunandi tegundum stórbörunga á litlum flothylkjum úti á rúmsjó. Einnig á að setja út mælingabaujur sem mæla hita og seltu á rúmsjó þar sem ræktunarbaujurnar verða staðsettar.

Við báðar þessar rannsóknir er mikilvægt að notast verði við innlendar tegundir og stofna. Til verndar líffræðilegs fjölbreytileika ætti ekki að rækta þörunga við strönd Íslands sem tilheyra stofni sem er erfðafræðilega ólíkur þeim sem finnast hér við land. Ef talið er nauðsyn að flytja inn tegundir þá þarf að skoða þá framkvæmd sérstaklega.

Varðandi ræktunina á þörungum á föstum stöðvum innan landhelgi Íslands (rannsókn 1) telur Hafrannsóknastofnun að sú framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á umhverfi eða lífríki nema þá mjög staðbundið undir þeim flotþrómmum sem lagter er til að nota. Þau áhrif yrðu þó einungis tímabundin.

Varðandi ræktun utan lögsögu landsins með flothylkjum/kúlum (rannsókn 2) þá þarfnast slík framkvæmd aðkomu eða álits þess stjórnvalds eða stofnunar sem þekkir til þeirra laga og ákvæða sem varða losun á manngerðum efnivið í hafið. Til staðar eru reglur um það hvað má og hvað má ekki losa í hafið og telur Hafrannsóknastofnun það eiga við þennan þátt rannsóknanna. Fulltrúar Running Tide tjáðu á fundi með Hafrannsóknastofnun að stefnt væri að því að losa 50.000 flothylki/kúlur í sjóinn en áætlað er að þetta yrði framkvæmt utan við lögsögu Íslands. Almenn má benda á að huga mætti að næringarefnabúskap í tengslum við svo stórfellda ræktun á þörungum, þ.e.a.s. að skoða þarf hvort upptaka þörunga sem ræktaðir eru gætu haft neikvæð áhrif á viðkomu svifþörungasamfélaga á því svæði sem flothylkin/boltarnir myndu dreifast á. Áður en kúlur/flothyki eru losuð í sjó þarf að tryggja að innihaldsefni séu ekki skaðleg lífríki sjávar.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Hrönn Egilsdóttir

Hrönn Egilsdóttir

Sviðsstjóri umhverfissviðs